

Nd.

**301. Frumvarp til laga**

[153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Á síðasta þingi fluttum við þrjár alm. Vesturlandskjördæmis frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja 4 jarðir til Neshrepps utan Ennis, og fylgdi frv. yfirlýsing frá ábúendum jarðanna um samþykki þeirra til, að Nesheppur fengi kauparétt á jörðunum. Í frv. því, sem við sömu þingmenn Vesturlandskjördæmis flytjum nú, er óskað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina að selja enn fremur 5 jarðir eða grasbýli, sem ekki eru í ábúð, en íbúar á Hellissandi hafa fengið heimild til að nytja að einhverju leyti.

Kauptúnið Hellissandur er myndað á landi nokkurra smájarða í Neshreppi utan Ennis — og eru þær í tölu þeirra jarða, sem við flm. óskum að ríkisstjórninni verði heimilað að selja Neshreppi.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar í Neshreppi utan Ennis, þar sem heppsnefndin er sammála um það, að æskilegt sé, að einn aðili, sem sé hreppsfélagið, annist úthlutun á lóðum þeim, sem seldar eru á leigu fyrir íbúðarhús og aðrar byggingar á Hellissandi.

**Fylgiskjal I.**

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur ytri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík ytri.

Tryggvi Eðvarðsson.

**Fylgiskjal II.**

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur innri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík innri.

B. S. Benediktsson.

**Fylgiskjal III.**

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Dyngju á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Dyngja.

Björgvin Alexandersson.

**Fylgiskjal IV.**

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Klettsbúðar á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Klettsbúð.

Guðm. Einarsson.